

Kammertónleikar með hljóðfæraleikurum úr strengjasveitinni Aþenu 9. febrúar 2008

í Listasafni Íslands kl. 18:00

- texti úr efnisskrá -

James Blachly	Boat People - samið við kvæðið <i>Boat People</i> eftir Brent MacLaine. Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og Julia MacLaine selló	2006
Karólína Eiríksdóttir	Gradus ad Profundum Þórir Jóhannsson kontrabassi	2002
Jónas Tómasson	Gríma Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og Julia MacLaine selló	2007
Bára Grímsdóttir	Dans svíta fyrir Matta 1. Stuttur dans á strætum 2. Þjóðdans á „Njallanum“ 3. Dans í einsemd 4. Dans við Skugga Ólöf Þorvarðsdóttir fiðla	1991
Hildigunnur Rúnarsdóttir	10 mínútur fyrir 2 fiðlur <i>frumflutningur</i> Allegro con spirito Moderato tranquillo Allegro ritmico Allegretto Andante Molto ritmico sempre Lento Moderato e dolce Allegretto e ritmico Allegro vivo Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer	2006
Grazina Bacewicz	Andante tranquillo úr kvartet fyrir 4 fiðlur Hlíf Sigurjónsdóttir Martin Frewer Ólöf Þorvarðsdóttir Kristín Björg Ragnarsdóttir	1950

Öll hljóðfærin sem leikið er á, á þessum tónleikum, nema kontrabassinn, eru smíðuð af franska fiðlusmiðnum Christophe Landon.

James Blachly er fæddur 1980 í New York. Hann lauk meistaragraðu í tónsmíðum vorið 2006 frá Mannes School of Music. Kennari hans þar var Robert Cuckson. Hann er sjálfstætt starfandi tónlistarmaður í New York, leikur á kontrabassa og víólu da gamba. Frá 2002 hefur hann sungið með St. Michaels kórnum í New York sem counter tenór.

Boat People samdi James við ljóð Brent MacLaine, sem er faðir sellóleikarans, og tileinkar minningu ömmu sinnar sem var innflytjandi.

Karólína Eiríksdóttir (f. 1951) stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Þorkell Sigurbjörnsson var kennari hennar í tónsmíðum. Hún hélt til framhaldsnáms við University of Michigan þar sem tónsmíðakennarar hennar voru George Wilson og William Albright. Karólína lauk meistaraprófi í tónlistarsögu og rannsóknum árið 1976 og meistaraprófi í tónsmíðum lauk hún síðan 1978. Hún hefur frá árinu 1979 starfað bæði sem tónskáld og kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún var stjórnarformaður Íslenskrar tónverkamíðstöðvar 1983-1988 og í stjórn Tónskáldafélags Íslands 1988-1991. Tónverk Karólínu hafa verið flutt víðsvegar um heim m.a. á Norrænum tónlistarhátíðum og heima á Íslandi. Þar að auki má nefna flutning í París, London, Glasgow, Tokyo, Vínarborg, Bandaríkjunum, Þýskalandi og á Spáni.

Gradus ad Profundum var samið árið 2002 fyrir Þóri Jóhannsson sem frumflutti það í Salnum í Kópavogi sama ár. Titill verksins gefur kannski tilefni til ýmissa hugrenninga sem áheyrendum verður látið eftir en verkið hefst í hæstu hæðum hljóðfærisins og færir sig í skrefum niður á dýpsta registur þess.

Að loknu námi í Reykjavík, m.a. hjá þeim Jóni Þórarinssyni og Þorkatli Sigurbjörnssyni, hélt **Jónas Tómasson** (f. 1946) til framhaldsnáms í Amsterdam 1969-72 hjá þeim Ton de Leeuw, Léon Orthel og Jos Kunst. Nú kennir Jónas við Tónlistarskóla Ísafjarðar, og hefur hann jafnframt stjórnað ýmsum hljóðfærasveitum og kórum bæjarins. Þessar kringumstæður hafa örvað Jónas til að semja fyrir þá tónlistarmenn og hljóðfæraflokka sem hann starfar með. Eftir hann liggur fjöldi verka og þar eru hljómsveitar-, kammer- og kórverk mest áberandi. Oftast er tónlistin hægferðug og innhverf. Hún er mjög frjáls í formi.

Bára Grímsdóttir (f. 1960) útskrifaðist úr Tónfræðideild Tónlistarskólans í Reykjavík 1989, fór til Hollands í framhaldsnám í tónsmíðum og lærði m.a. hjá Louis Andriessen. Hún hefur skrifað fjölda verka fyrir kóra en einnig samið fyrir einleikshljóðfæri, kammerhópa og hljómsveitir. Verk hennar hafa verið flutt á Íslandi, Norðurlöndunum, víða í Evrópu og í Bandaríkjunum. Bára hefur verið Staðartónskáld á sumartónleikum í Skálholti, þar hafa mörg verka hennar verið frumflutt. Hún hefur nokkrum sinnum fengið starfslaun úr tónskáldasjóði, og fengið viðurkenningar fyrir tónsmíðar og menningarstörf. Mörg kórverka hennar hafa verið hljóðrituð og gefin út á geisladiskum í flutningi ýmissa kóra, söngvara og hljóðfæraleikara. Á geisladisknum „Virgo Gloriosa“ flutti kammerkórinn Hljómeyki eingöngu verk eftir Báru og varð hann tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2003. Íslensk þjóðlög eru Báru hugleikin og hafa þau gefið henni innblástur í mörg tónverk. Hún hefur einnig gert útsetningar við mörg þeirra. Bára er líka söngkona og hefur komið fram á tónleikum víða í Evrópu og N-Ameríku og flutt íslensk kvæðalög og þjóðlög. Hún hefur sungið inn á geisladiskinn Funa og eru flytjendur með henni Chris Foster gítarleikari og John Kirkpatrick harmonikkuleikari. Bára hefur einnig sungið ljóð Þórarins Eldjárns inn á geisladisk sem fylgir bókinni Gælur, fælur og þvælur.

Dans svíta fyrir Matta er einleiksverk fyrir fiðlu, samið árið 1991. Verkið er samið til minningar um vin minn Matta, Mattías Skjaldarsson sem lést á haustdögum 1990. Eru fyrstu tveir kaflarnir einskonar minningarbrot. Þriðji kafli er tregafullur og lýsir depurð og sá fjórði spennu og örvæntingu. Í fyrsta þættinum er vitnað í lagið Out of the blue and into the black eftir Neil Young.

Hildigunnur Rúnarsdóttir (f. 1964) stundaði nám við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík með tónsmíðar sem aðalgrein og lauk þaðan prófi vorið 1989. Síðan nam hún tónsmíðar, hjá Professor Günter Friedrichs í Hamborg og Svend Hvidtfelt Nielsen í Kaupmannahöfn. Hildigunnur hefur starfað mikið með ýmsum kórum, þ.á.m. sönghópnum Hljómeyki. Helstu verk eru m.a. barnaóperan Hnetu-Jón og gullgæsin, Blandaðir dansar fyrir hljómsveit, Konsert fyrir orgel strengi og slagverk, Messa í minningu Guðbrands Þorlákssonar, fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit og Messa fyrir Jón Vídalín, fyrir kór, einsöngvara og kammer-sveit. Einnig liggur eftir hana fjöldi kórverka og sönglaga. Sumrin 1994 og 1997 voru verk Hildigunnar, Syngur sumarregn, fyrir kór og sópran sóló og Andvökunótt, fyrir kór og baritón sóló valin á geisladiska kórahátíðarinnar Europa Cantat. Hildigunnur starfar nú við tónsmíðar, kennslu og söng í Reykjavík.

10 mínútur fyrir tvær fiðlur er samið að beiðni Hlífur Sigurjónsdóttur og Hjörleifs Valssonar árið 2006. Það er í tíu stuttum köflum, eins og nafnið bendir til er hver kafla um það bil ein mínúta að lengd. Leitast var við að hafa kaflana ólíka og nota mismunandi möguleika fiðlunnar. Verkið er samið með tilstyrk Musica Nova sjóðsins.

Grażyna Bacewicz (1913 – 1969) tónskáld og fiðluleikari var fyrst pólskra kvenna til að hljóta almenna hylli sem tónskáld. Að loknu námi við konservatoríð í Varsjá 1932 fór hún til Parísar og nam tónsmíðar hjá Nadiu Boulanger og fiðluleik hjá Henri Touret og síðar hjá Carl Flesch. Hún starfaði sem fiðluleikari og tónskáld fram til 1954, en eftir alvarlegt umferðarslys varð hún að leggja fiðluna á hilluna.

Kammersveitin Aþena

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari stundaði framhaldsnám við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Kanada og sótti síðar tíma til Gerald Beal fiðluleikara í New Yorkborg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Ruc-ciero Ricci og Igor Oistrach. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníu-hljómsveitum, kammersveitum og minni hópum í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Hlíf kennir einkanemum í New York borg og í Reykjavík.

Sellóleikarinn **Julia MacLane** er frá Prince Edward Island í Kanada. Hún lærði hjá Timothy Eddy við Juilliard tónlistarháskólann og Mannes College of Music, og hjá Antonio Lysy við McGill háskólann. Julia hefur komið fram sem einleikari og með kammerhópum í Kanada, Bandaríkjunum, Argentínu og í Evrópu. Í september 2007 tók Julia við styrk sem Akademía Carnegie Hall, Juilliard skólans og Weill stofnunarinnar veita sameiginlega og felur í sér að flytja kammermúsík í tónleikasölum þessara stofnana og kenna tónlist í grunnskólum New York borgar.

Þórir Jóhannsson lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og síðar Postgraduate Diploma frá the Royal Northern College of Music í Manchester. Hann spilaði með Sinfóníuhljómsveit Íslands í tvö ár, en fluttist þá til Danmerkur þar sem hann bjó í rúm fjögur ár. Þar vann hann við kennslu og var lausráðinn við nokkrar helstu hljómsveitir beggja vegna Eyrasunds. Þórir flutti aftur til Íslands haustið 2000 og er nú fastráðinn við Sinfóníuhljóm-sveit Íslands. Hann er kennari í Tónlistarskóla Kópavogs og er virkur í kammertónlistarlífi Reykjavíkur.

Ólöf Þorvarðsdóttir lauk burtfararprófi í fiðluleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1986, BM prófi 1989 og MM prófi árið 1991 frá New England Conservatory of Music í Boston undir handleiðslu Masuko Ushioda og Michel Auclair. Hún var fiðluleikari í Deborah Abel

Dance Company í Cambridge og einnig með Playback Theatre í Emerson College í Boston. Ólöf er fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur einnig kennt við Tónlistarskóla Garðabæjar og Tónskóla Eddu Borgar. Ólöf hefur MA-próf í alhliða listaþerapíu og löggildingu sem sem alhliða listaþerapisti.

Martin Frewer hóf tónlistarnám á píanó 6 ára gamall og byrjaði að læra á fiðlu þremur árum síðar. Tólf ára að aldri fékk hann styrk fyrir einkakennslu, bæði á fiðlu og píanó. Á sama tíma og Martin stundaði nám í stærðfræði í Oxford University var hann í einkatímum hjá fiðlu-kennaranum Yfrah Neamann. Eftir útskrift hélt hann áfram fiðlunámi í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Yfrah Neaman og lærði einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson. Árið 1983 fluttist Martin til Íslands til að spila með Sinfóníuhljómsveitinni og hefur starfað þar síðan. Frá árinu 2000 hefur hann einnig starfað sem hugbúnaðarhönnuður hjá fyrirtækinu Landmat.

Kristín Björg Ragnarsdóttir fiðluleikari lauk námi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1999. Þá fluttist hún til New York og hóf nám hjá Gerald Beal fiðluleikara og síðar hjá Masao Kawasaki við Brooklyn College, City University of New York og lauk þaðan meistaraprófi í fiðluleik árið 2004. Kristín hefur einnig í gegnum tíðina sótt einkatíma hjá Hlíf Sigurjónsdóttur. Hún hefur tekið þátt í tónlistarhátíðum og hlotið styrki víða í Evrópu og Bandaríkjunum, m.a. frá hinu virta Aspen Music Festival í Colorado. Kristín starfar sem fiðlukennari við Tónlistarskóla Garðabæjar og er lausráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Boat People

- I I think of all those who go forth
down river channels, swirling on muddy tides
under bridges, all those who skirt shoals
and spits of land on their way through harbour narrows
and the rocky portals to all dangerous seas.
I marvel that they run from ruin,
discarding bags of history on their way to lands's end,
that they launch themselves onto roily currents of fate,
churn up their lives, and throw them out their mouths.
- II When do the dark cars arrive, the men in uniform?
Do shells scream before the static of guns in empty streets?
What precedes the hoarding, the boarding up,
and the flickering of lights? What hissing beast
has commandeered the phone? I suppose, before you know it,
the bridges are out, and gutted cars,
like charred carcasses, are parked askew or belly up.
Airplanes, like nervous dogs, nose the ends
of bombed out runways. The neighbour's tree
begins to look like firewood, and the pets like cuts of meat.
- Perhaps, these days a cursor simply flashes on a screen,
and documents land like judgement on a desk.
Alarm spreads silently like blood to a bruise.
- In back yards, do women reel in fierce visions
with their laundry, or do the signs come softly
like letters insinuated through a slot?
From the apple orchards at the edge of town,
can you hear rumbling through the countryside
or see a shivering in the pasture grass?

III We shouldn't wonder that you fling
your lives, like messages in green bottles,
onto the backs of North Atlantic waves.
What oblations could you make
but pleadings for charmed streams and warm flows?
Get lucky, then, strike it rich,
shake your fist at shrieking gulls and death angels.

Remember the Sikhs washed ashore and stunned by dawn
on heavenly streets of Charlesville.
Think of gold. Think of Hong Kong. Think of Miami
where the aisles of supermarkets spread banquets endlessly.

Somewhere on some island
a welcoming palm or liberating pine will lift its arm.

So go, go at evening when the sky is red.
Yours is a casting off so final
it will turn despair to waves - great black ones,
curled high enough to make little gods of reckless souls.

IV Here, I hoe my garden where the farmhouses
nestle in the hills like fat white sucklings,
where, spreading to the bay, green oats
thicken in the soil. Five generations have plowed
this sod and raked its yield.
I hardly have need for a boat.

Yet dirty-faced time
and wide-eyed penury may yet come hand in hand
hobbling down the road mad and murderous.
It occurs to me to sharpen axe and chisel;
I could limb a seasoned tree, lug it to the beach,
and in the tall marsh grass, dig it out.

After all, it's not that long ago
that those who tore the black spruce
out of this land threw their bundles
into the hold of the future and rocked across
an ocean. They, too, must have gagged on fate
as they turned their lean backs
on the cold Scottish seas and cleared off.

That might explain my grandfather
staring down the bay, squinting level
with the horizon at the end of every row he plowed;
memory heaved through him like a swollen wave
and reminded him of one great casting off to come.
Even in July, chest high in timothy hay,
he never forgot the worth of a boat.
That's why, no doubt, he built the big barn door
like a raft - double-beamed. At the first sign,
he could have rigged her up with a pitchfork mast,
unfurled his moth-eaten coat and swiftly sailed away.

Brent MacLaine